



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Skráningarblað fyrir skráningu á fjárhagslegum hagsmunum bæjarfulltrúa og trúnaðarstörf utan bæjarstjórnar

Dags: 1. september 2022

Málsnúmer: 202208680/-

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Þóra M. Hjaltested, Lögmaður Mosfellsbæjar

Á 810. fundi bæjastjórnar Mosfellsbæjar 31. ágúst 2022 voru samþykktar nýjar reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum bæjarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan bæjarstjórnar og tóku þær þegar gildi. Samkvæmt gildistökuákvæði skal skráning á grundvelli reglnanna fara fram innan mánaðar frá samþykki þeirra.

Samkvæmt 6. gr. reglnanna skal skráningarblað sem notað er staðfest af bæjarráði. Lagt er til að bæjarráð samþykki fyrirbyggjandi skráningarblað. Gert er ráð fyrir að skráning fari fram með rafrænum hætti og upplýsingar verði birtar á vef Mosfellsbæjar í kjölfarið.

Skráning samkvæmt reglunum er valkvæð og ber þeim bæjarfulltrúum sem kjósa að skrá hagsmuni sína í samræmi við reglurnar að gera það eigi síðar en 30. september 2022. Þeir bæjarfulltrúar sem kjósa að skrá ekki hagsmuni sína ber að upplýsa starfsmann bæjarstjórnar um það og ná ákvæði reglnanna þá ekki til þeirra.

Þegar bæjarráð hefur staðfest skráningarblað sem nota á verður bæjarfulltrúum leiðbeint nánar um skráningu á grundvelli reglnanna.

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki fyrirbyggjandi skráningarblað vegna skráningar á fjárhagslegum hagsmunum bæjarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst,

Þóra M. Hjaltested
lögmaður